



Reykjavík, 8. desember 2023
MSS32120056

UMSÖGN

Viðtakandi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Sendandi: Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar

Umsögn Fjölmenningarráðs um Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks, mál nr. 232/2023

Þann 10. nóvember 2023 set var til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks.

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar fagnar að tekin hafa verið upphafsskref í mótun á fyrstu heildstæðu stefnu á Íslandi í málefnum innflytjenda og flóttafólks.

Fjölmenningarráð hefur verið starfandi hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2011 og hlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi í málefnum innflytjenda, stuðla að upplýsingagjöf, eiga í samstarfi við hagsmunasamtök innflytjenda og móta stefnur og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið leitast við að tengja saman fjölmenningarleg samfélög í Reykjavík og koma hugmyndafræði um fjölmenningu og inngildingu á framfæri.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim fjársjóði sem íslensku samfélagi býðst þegar innflytjendur koma hingað, margir þeirra búa yfir verðmætri menntun og starfsreynslu sem er akkur fyrir íslenskt samfélag. Rétt er að móta framtíðarsýn fyrir íslenska samfélagið sem heild vegna þess að Ísland er orðið fjölmenningasamfélag og Reykjavík fjölmenningarborg þar sem 25% af borgarbúum eru innflytjendur.

Ráðið vísar til umsögn sérfræðinga Reykjavíkurborgar og tekur undir allar athugasemdir sem koma fram þar.

Virðingafyllst,

Magnea Gná Jóhannsdóttir

formaður Fjölmenningarráðs